# 1261. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 3. apríl 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Tómas Gabríel Benjamín, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Jennifer Schröder og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

**Næsti fundur:** 7. maí 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann lagði til dagskrárbreytingu, bætti við liðnum „Málþing um niðurskurð“ sem verður liður nr. 9 og færast aðrir liðir til í dagskránni sem því nemur. Samþykkt.

Dagskrá:

## 1. Fundargerð 1260. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1260. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Þá voru lagðar fram tvær fundargerðir samninganefndar, sem jafnframt er stjórn félagsins, og voru þær samþykktar og undirritaðar.

## 2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Ragnar Þór lagði til að Halla Gunnarsdóttir yrði varaformaður og leitaði eftir öðrum tillögum. Engar aðrar tillögur bárust og var Halla kosin í starfið og fagnað með lófataki. Þá lagði Ragnar Þór til að Ólafur Reimar Gunnarsson haldi áfram sem ritari félagsins og voru engar aðrar tillögur lagðar fram. Ólafur var kosinn í starfið og fagnað með lófataki.

**3. Skipun í nefndir og ráð hjá VR**

Fyrir fundinum lá skjalið „Ráð og nefndir VR 2024-2025“ til afgreiðslu.

Ragnar Þór kynnti á glærum tillögur að skipan nefnda félagsins eftir samráð við stjórnarfólk.

Breytingar voru gerðar á skipan nokkurra nefnda í umræðum og kynningu á tillögunum og eru þær sem hér segir:

Í **framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR** verður Vala Ólöf Kristinsdóttir aðalmaður en Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir til vara. Þá tekur Þórir Hilmarsson sæti sem aðalmaður í **jafnréttis- og mannréttindanefnd** en Selma Björk Grétarsdóttir víkur. Harpa Sævarsdóttir tekur sæti aðalmanns í **framtíðarnefnd** en Vala Ólöf víkur. Bjarni Þór Sigurðsson tekur sæti aðalmanns í **Öldungaráði VR** í stað Sigurðar Sigfússonar. Og að lokum bætast Selma Björk og Þórir við í **skemmtinefnd stjórnar**.

Tillögur að skipan í nefndir og ráð, að teknu tilliti til ofangreindra breytinga, eru sem hér segir:

**Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR**

Vala Ólöf Kristinsdóttir
Jennifer Schröder
Sigurður Sigfússon
Harpa Sævarsdóttir
Þórir Hilmarsson

Varamenn

Selma Björk Grétarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson

**Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR**

Arnþór Sigurðsson
Þórir Hilmarsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Vala Ólöf Kristinsdóttir

Varamenn

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Diljá Ámundadóttir
Tómas Gabríel Benjamin

**Starfsmenntanefnd VR**

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir

Varamaður

Tómas Gabríel Benjamin

**Húsnæðisnefnd VR**

Harpa Sævarsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Halla Gunnarsdóttir
Arnþór Sigurðsson

Varamaður

Þórir Hilmarsson

**Laganefnd VR**

Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Grétarsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Halla Gunnarsdóttir

Varamenn

Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

**Launanefnd VR**

Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

**Kjaramálanefnd VR**

Halla Gunnarsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Jennifer Schröder
Ólafur Reimar Gunnarsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Arnþór Sigurðsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

**Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR**

Bjarni Þór Sigurðsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður

Tómas Gabríel Benjamin

**Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR**

Bjarni Þór Sigurðsson
Tómas Gabríel Benjamin
Diljá Ámundadóttir
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Þórir Hilmarsson
Jennifer Schröder
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson

**Öldungaráð VR**

Ólafur Reimar Gunnarsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Selma Björk Grétarsdóttir

**Styrkjanefnd VR**

Bjarni Þór Sigurðsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þórir Hilmarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Varamaður

Tómas Gabríel Benjamin

**Framtíðarnefnd VR**

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Þórir Hilmarsson
Diljá Ámundadóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Bjarni Þór Sigurðsson
Tómas Gabríel Benjamin

Varamaður

Vala Ólöf Kristinsdóttir

**Umhverfisnefnd VR**

Halla Gunnarsdóttir
Jennifer Schröder
Þórir Hilmarsson
Arnþór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir

Varamaður

Ólafur Reimar Gunnarsson

**Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks**

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Varamaður

Jónas Yngvi Ásgrímsson

**Uppstillingarnefnd um val á stjórnarfólki í LIVE**

Ragnar Þór Ingólfsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Varamenn

Ólafur Reimar Gunnarsson
Jennifer Schröder

**Skemmtinefnd**

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Selma Grétarsdóttir
Þórir Hilmarsson

Skipan í nefndir og ráð var lögð fyrir fundinn með áorðnum breytingum og samþykkt.

**4. Kjaramál – staðan**

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið með Leiðsögn um viðræður um mögulega sameiningu eða samstarf félaganna. Hann sagði mikil tækifæri felast í samstarfi félaganna. Ekki hefur borist formleg beiðni frá Leiðsögn um viðræður um sameiningu eða samstarf en aðalfundur félagsins er framundan, sagði Ragnar. Ef fram kemur formleg beiðni um viðræður verður skipuð viðræðunefnd af hálfu VR.

Umræður

Jennifer Schröder vék af fundi kl. 18:22.

**5. Starfsreglur stjórnar**

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsreglur stjórnar“ til kynningar.

Starfsreglur stjórnar voru lagðar fram og munu liggja milli funda.

**6. Starfsáætlun stjórnar**

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsáætlun stjórnar“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir áætlun stjórnar á starfsárinu. Hann minnti á að almennt fundi stjórn annan miðvikudag í mánuði, að júlí undanteknum og svo apríl en þá er fundað eins fljótt og auðið er eftir stjórnarkosningar.

Tillaga kom fram um breytingu, að flýta stjórnarfundi í maí um einn dag og hafa hann þriðjudaginn 7. maí. Samþykkt.

**7. Skipun í Ungliðaráð VR**

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað um skipan í Ungliðaráð VR“.

VR skipaði til bráðabirgða 6 einstaklinga í Ungliðaráð VR haustið 2023 þegar það var stofnað. Samkvæmt reglum ráðsins á stjórn að skipa þrjá aðila til setu í ráðinu og kjósa á um þrjá aðra í kjölfar fyrsta stjórnarfundar eftir aðalfund.

Lagt er til að eftirtalin verði skipuð í Ungliðaráð kjörtímabilið 2024 – 2026:

Andrea Rut Pálsdóttir
Mateusz Gabríel K. Róbertsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Umræður

Í umræðum var rætt um setu stjórnarfólks í Ungliðaráði. Eftir umræður var tillagan að ofan lögð fyrir með því fororði að hlutverk og val í Ungliðaráð verði tekið til endurskoðunar síðar.

Samþykkt, einn greiddi atkvæði á móti.

### 8. Breytingar á búvörulögum

Fyrir fundinum lá skjalið „Breyting á búvörulögum, þingleg meðferð" til kynningar og afgreiðslu.

Stefán reifaði málið sem snýst um hvort lagafrumvarp um breytingar á búvörulögum hafi fengið eðlilega þinglega meðferð þar sem umtalsverðar breytingar hafi verið gerðar á því í meðferðum þingsins. Stefán sagði að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga fyrir félög í eigu eða undir stjórn bænda sem þyrftu að fara með að lágmarki 51% atkvæða í félaginu. Eftir 1. umræðu var lögð fram breytingartillaga þar sem nánast öllu í fyrri texta frumvarpsins var skipt út. Með þessari samþykkt hafi orðið til nýtt frumvarp sem er efnislega mjög frábrugðið upphaflega frumvarpinu.

Athugasemdir hafa verið gerðar við hið nýja frumvarp og bent á að samþykkt þess gæti vegið að forsendum nýgerðra kjarasamninga, enda líkleg afleiðing að verð á nauðsynjum hækki.

Óskað er eftir samþykki stjórnar fyrir því að leita eftir því við lektor við lagadeild HR að vinna greinargerð um stjórnskipulegt gildi þessara lagasetningar og hvort möguleiki er að fá henni hnekkt fyrir dómstólum.

Umræður

Tillaga um að VR taki þátt í kostnaði vegna greinargerðar sbr. það sem fram kemur að ofan lögð fyrir fundinn og samþykkt.

### 9. Málþing um niðurskurð

Halla Gunnarsdóttir, varaformaður VR, kynnti hugmynd að málþingi á vegum VR um niðurskurð en öld er frá því að niðurskurðarhyggja var innleidd á Íslandi. Niðurskurðarhyggja á rætur að rekja til hagfræðinga Þjóðabandalagsins sem gerðu hana að kröfu í lánveitingum.

Halla benti á að þau ríki sem komu hvað verst út eftir hrunið voru þau sem skáru hvað mest niður. Niðurskurðarhyggja lifi enn góðu lífi, þó flestir tengi hana við hrunárin. Mikil umræða hafi verið um niðurskurð í tengslum við kjarasamningana, og það sé hagsmunamál fyrir félagið að taka þessa hugmyndafræði fyrir og ræða. Afleiðingar niðurskurðarhyggju séu alvarlegar, til að mynda má rekja til hennar þá staðreynd að fimmta hvert barn í Bretlandi fer að sofa svangt.

Halla leggur til að fenginn verði erlendur sérfræðingur, Clara Mattei, höfundur The Capital Order, How Economists Invented Austerity and Paved the Way to Fascism, til að hafa framsögu á málþinginu.

Umræður

Ragnar Þór lagði fyrir fundinn að hann og Halla skoði möguleikann og kostnaðinn við slíkt málþing og leggi fram fullmótaðar tillögur.

Samþykkt.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 20:30